



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Kynning á skýrslum starfshópa um skattundanskot og milliverðlagningu

22. júní 2017



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Inngangsorð ráðherra

Benedikt Jóhannesson
fjármála- og efnahagsráðherra

Starfshópur um milliverðlagningu og faktúrufölsun

- Anna Borgþórsdóttir Olsen, fjármála- og efnahagsráðuneyti, formaður.
- Andri Egilsson, tilnefndur af Seðlabanka Íslands,
- Auður Ólína Svavarsdóttir, tilnefnd af Hagstofu Íslands,
- Jóhanna Lára Guðbrandsdóttir, tilnefnd af tollstjóra,
- Margrét Ágústa Sigurðardóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneyti,
- Sigurður H. Ingimarsson, tilnefndur af skattrannsóknarstjóra og
- Sigurður Jensson, tilnefndur af ríkisskattstjóra.



Starfshópur um umfang skattundanskota og tillögur til aðgerða

- Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri, formaður.
- Ása Ögmundsdóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneyti,
- Björn Rúnar Guðmundsson, tilnefndur af Hagstofu Íslands,
- Elín Guðjónsdóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneyti,
- Guðbjörg Eva Baldursdóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneyti,
- Helga Rún Hafliðadóttir, tilnefnd af skattrannsóknarstjóra,
- Jenný Stefanía Jensdóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðherra,
- Jón Bjarni Steinsson, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðherra,
- Ólafur Hauksson, tilnefndur af innanríkisráðuneyti,
- Ragnhildur D. Þórhallsdóttir, tilnefnd af ríkisskattstjóra og
- Sigríður Olgeirsdóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðherra.





FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Milliverðlagning og faktúrufölsun

Kynning á skýrslu starfshóps þann 22. júní 2017

Viðfangsefni starfshópsins

- Að kanna og greina nánar niðurstöður *Aflandsskýrslunnar* um **milliverðlagningu** og **faktúrufölsun** m.t.t. mögulegra skattundanskota
- Að skoða *umbætur* á lagaumgjörð og regluverk viðskipta yfir landamæri
- Áhersla er lögð á svokallaða **milliverðlagningu** (e. *Transfer Pricing*) og mögulegt samfélagslegt tap vegna **óeðlilegrar milliverðlagningar** milli tengdra lögaðila



Tilfærsla hagnaðar yfir landamæri *veikir innviði samfélagsins*

- Rýrnun eða eyðing innlendra skattstofna er ***alþjóðlegt vandamál*** sökum tilfærslu hagnaðar fjölþjóðafyrirtækja frá einu ríki til annars
 - *Base Erosion and Profit Shifting* (BEPS)
- Alþjóðleg samvinna talin nauðsynleg til að stemma stigu við ***alþjóðlegri skattasniðgöngu*** fjölþjóðafyrirtækja
 - Aðgerðaráætlun í 15 liðum undir forystu OECD og G-20 ríkjanna – BEPS aðgerðaráætlunin
 - Umfangsmesta aðgerð á sviði alþjóðlegs skattaréttar í um 30 ár
- BEPS aðgerðaráætlunin var lögð fram árið 2015 til að bregðast við vandamálum tengdum *rýrnun eða eyðingu innlendra skattstofna vegna tilfærslu hagnaðar milli ríkja*
 - Ísland hefur nú þegar lögfest ákvæði og/eða birt reglugerðir til samræmis við þau tilmæli er kveðið er á um í nokkrum liðum aðgerðaráætlunarinnar
 - Ísland stendur þar fremst meðal vestrænna ríkja
 - Áframhaldandi vinnan innan ráðuneytisins í gangi

Löggjöfin til staðar en hvað svo?

- **Milliverðlagningarreglur** hér á landi, sem og aðrar sértækar skattasniðgöngureglur, uppfylla að *mestu leyti* þau viðmið sem alþjóðastofnanir hafa sett fram, þ.á.m. í samanburði við löggjöf þeirra ríkja sem við berum okkur einna helst saman við
- Byggja þarf upp **milliverðlagningareftirlit** en ákvæði um milliverðlagningu í tekjuskattslögum eru ný hér á landi
- Nágrannaríki okkar hafa **virkt milliverðlagningareftirlit** og hafa náð ***góðum árangri***



- Niðurstaða starfshópsins er að árlegt tekjutap ríkissjóðs vegna *óeðlilegrar milliverðlagningar* tengdra lögaðila sé líklega á bilinu *1 ma.kr. til 6 ma.kr.*
- Því er *afar mikilvægt* að *átak* verði gert í milliverðlagningareftirliti hér á landi með árangur og ávinning nágrannaríkja okkar að leiðarljósi

Tillögur starfshópsins – leiðin til árangurs

- Auka þarf eftirlit með *óeðlilegri milliverðlagningu tengdra lögaðila*
- Tryggja þarf að *virkt eftirlit* sé með *skjölunarskyldu* stærri lögaðila
- Beita á *sektum* ef skjölunargögnum er *ekki* skilað *innan tilskilins frests*
- Gera þarf lagabreytingu þannig að skjölunarskyldan nái jafnframt til *innlendra* aðila (EES)
- Tryggja þarf aðgang að *alþjóðlegum gagnagrunnum* m.a. til að auðvelda *samanburðargreiningar* á verðlagningu tengdra og ótengdra aðila
- Tryggja þarf *ótvíræða heimild* til að gera *APA-samninga* á milli skattyfirvalda og skattaðila
- Beita ætti *álagi* og *öðrum viðurlögum* af fullum þunga á vanframtalda tekjuskattsstofna vegna rangrar verðlagningar milli tengdra lögaðila



Tillögur starfshópsins – leiðin til árangurs, frh.

- Efla þarf **samstarf** á milli stofnana skatta- og tollamála á sviði milliverðlagningar, þ.m.t. faktúrufölsunar
- Auka á eftirlit með **CFC-löggjöfinni**
- Lögfesta þarf ákvæði er auðvelda **upplýsingaskipti** á milli stofnana innan skattstjórnarsýslunnar
- Vísa ætti málum til **skattrannsóknastrjóra** þegar grunur vaknar um **skattalagabrot**
- Skilgreina þarf betur hvað átt er við með **raunverulegri framkvæmdastjórn** í tekjuskattslögum
- Lögfesta í tekjuskattslögin ákvæði um **raunverulega eigendur**
- Tryggja þarf skattyfirvöldum **upplýsingar um fjármagnsflutninga milli landa** frá fjármálafyrirtækjum
- Upplýsingar frá erlendum fjármálafyrirtækjum ættu að vera **forskráðar** á framtöl





FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Umfang skattundanskota og tillögur til aðgerða

Kynning á skýrslu starfshóps: Þorkell Sigurlaugsson, formaður starfshópsins

Verkefni starfshóps um skattundanskot

- Greina umfang og áhrif skattundanskota á íslenskan þjóðarbúskap
- Gera tillögur um hvernig megi minnka svarta hagkerfið
- Skoða hvaða skorður megi reisa varðandi notkun reiðufjár við greiðslu launa og kaup á dýrum hlutum



Meginkaflar skýrslunnar

Flokkuðum verkefnið upp í nokkra meginflokka

- Hvert er umfang skattsvika
- Þróun atvinnuhátta, skattsvika og alþjóðlegt samstarf
- Kennitölufلاك og keðjuábyrgð
- Peningaþvætti
- Takmörkun reiðufjár

Samantekt um umfang skattsvika

Umfang skattsvika hefur verið nokkuð stöðugt undanfarin ár um 3-5% af landsframleiðslu eða **um 100 milljarðar króna**

Helstu flokkar skattsvika

- Virðisaukaskattssvik
- Undaskot greiðslu tekjuskatts af launum starfsmanna
- Vantalin tekjuskattur fyrirtækja
- Vantalin eða vangoldin önnur gjöld svo sem fjármagnstekjur eða skattundanskot tengt afgangssvæðum

Tillögur starfshóps

1. Lögfesta reglur um keðjuábyrgð
2. Auðvelda öllum aðgang að hlutaskrá og ársreikningum hlutafélaga
3. Gera meiri kröfur um hafnisskilyrði til að stofna hlutafélög og fá að stunda virðisaukaskattviðskipti
4. Auka skilvirkni tilkynningaskyldra aðila gegn peningaþvætti



Tillögur starfshóps

5. Draga markvisst úr notkun reiðufjár

- 10.000 kr. seðillinn verði tekinn úr umferð sem fyrst
- Hámark verði sett á leyfilega upphæð greiðslna fyrir vörur og þjónustu með reiðufé
- Verzlunum verði heimilt að taka aðeins við rafrænum greiðslum
- Vinnuveitendum verði skylt að greiða laun með rafrænu greiðslufyrirkomulagi
- Almennigur eigi aðgang að rafeyri eða ígildi innlánsreiknings/debetkorts með lágmarkskostnaði



Tillögur starfshóps

6. Einfalda virðisaukaskattskerfið, stefna í eitt skattþrep og færri undanþágur
7. Stuðla að bættum skilum virðisaukaskatts. Stefna ber að vottun rafrænna verslunarkerfa.
8. Gera refsingar fyrir skattalagabrot skilvirkari bæði fésektir og fangelsisdóma
9. Auka samstarf ríkisstofnana
10. Fylgja þarf tillögum eftir, en ekki setja skýrslur niður í skúffur



Lokaorð

Skattsvikarar eru meira faglegir í sinni glæpastarfsemi

Mikilvægt að Alþingi dragi ekki úr fjárveitingum til að kljást við þessa starfsemi

Takmörkun reiðufjár er ein árangursríkasta aðferðin til að koma í veg fyrir skattsvik, svarta atvinnustarfsemi og peningaþvætti

Beita þarf nútíma upplýsingatækni og rafrænum aðferðum til að ráðast gegn skattsvikum

Farsælla og ódýrara að koma í veg fyrir skattsvik, en að þurfa að refsa fyrir þau eftir á.





FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ